

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur sálfræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um sálfræðinga sem hafa starfsleyfi og sérfræðileyfi landlæknis skv. 2. og 5. gr.

II. KAFLI

Starfsleyfi.

2. gr.

Starfsheiti.

Rétt til að kalla sig sálfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis.

3. gr.

Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.

Leyfi skv. 2. gr. má veita þeim sem lokið hafa BS-prófi í sálfræði frá sálfræðideild heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, BSc-prófi í sálfræði frá viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík eða BA-prófi frá félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, auk þess að ljúka tveggja ára framhaldsnámi (cand.psych. námi) frá sálfræðideild heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Til viðbótar skal umsækjandi hafa lokið tólf mánaða verklegri þjálfun, að loknu framhaldsnámi (cand.psych. námi) undir leiðsögn sálfræðings, á viðurkenndum stofnunum eða starfsstofum sem landlæknir viðurkennir.

Einnig má veita starfsleyfi á grundvelli menntunar frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Sviss. Um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi sálfræðings sem uppfyllir skilyrði tilskipunar 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með síðari breytingum, fer samkvæmt reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum, nr. 461/2011, eða samkvæmt Norðurlandasamningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna, nr. 36/1993, sbr. breytingu nr. 6/2001.

Þá er heimilt að veita starfsleyfi þeim sem lokið hafa sambærilegu prófi frá menntastofnun í ríki utan EES eða Sviss sem viðurkennd er sem slík af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi og heilbrigðisyfirvöldum þess ríkis þar sem námið var stundað.

Um frekari skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis fer skv. 12. gr.

4. gr.

Umsagnir.

Áður en leyfi er veitt skv. 2. gr. á grundvelli menntunar utan Íslands skv. 3. mgr. 3. gr. skal landlæknir leita umsagnar sálfræðideildar heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um menntun skv. 1. mgr. 3. gr. fyrir útgáfu starfsleyfis.

Landlækni er heimilt að leita umsagnar annarra aðila eftir þörfum.

III. KAFLI

Sérfræðileyfi í sálfræði.

5. gr.

Sérfræðileyfi.

Rétt til að kalla sig sérfræðing í sérgrein innan sálfræði og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis.

6. gr.

Skilyrði fyrir sérfræðileyfi.

Sérfræðileyfi má veita í klínískum sérgreinum sálfræði. Skilyrði er að sérnám umsækjanda sé skilgreint innan þeirrar sérgreinar sem umsókn hans um sérfræðileyfi tekur til.

Viðkomandi sérgrein skal standa á traustum fræðilegum grunni og eiga sér samsvörun á viðurkenndum alþjóðlegum vettvangi.

Með klínískum sérgreinum er átt við greinar þar sem störf fela í sér bein samskipti við sjúklinga og aðra sem sálfræðingur veitir þjónustu svo og greiningu og meðferð.

Til að sálfræðingur geti átt rétt á að hljóta sérfræðileyfi skv. 5. gr. skal hann uppfylla eftirtaldar kröfur:

1. hann skal hafa starfsleyfi sem sálfræðingur hér á landi skv. 2. gr., og
2. hann skal hafa lokið formlegu viðurkenndu sérfræðinámi, að loknu framhaldsnámi (cand.psych.) skv. 3. gr., diplómanámi (60 ECTS) eða námi hliðstæðu diplóma-, meistara- eða doktorsnámi í sérgrein innan sálfræði frá viðurkenndum háskóla eða háskólastofnun, og
3. hann skal hafa starfað sem svarar til að minnsta kosti þremur árum í fullu starfi sem sálfræðingur samhliða eða að loknu námi skv. 2. tölul. undir leiðsögn sálfræðings með sérfræðileyfi eða annars heilbrigðisstarfsmanns með sambærilega sérþekkingu innan viðkomandi sérgreinar. Til frádráttar getur komið viðeigandi starfsreynsla í námi. Starfið skal fara fram á því sérsviði sem umsókn um sérfræðileyfi tekur til og á stofnunum eða starfsstofum sem landlæknir viðurkennir. Sé starfshlutfall lægra, lengist starfstíminn sem því nemur, og
4. hann skal hafa fengið handleiðslu sálfræðings með sérfræðileyfi eða annars heilbrigðisstarfsmanns með sambærilega sérþekkingu í viðkomandi sérgrein á sérsviðinu í að minnsta kosti 50 tíma.

Til frádráttar geta komið allt að tólf mánuðir í fullu starfi ef viðkomandi hefur starfað samhliða doktorsnámi á viðkomandi sérsviði.

Heimilt er að veita sérfræðileyfi þeim sem hafa fengið sérfræðiviðurkenningu eða sérfræðileyfi í landi sem gerir sambærilegar kröfur um sérfræðinámi enda þótt námstilhögun sé frábrugðin 4. mgr.

Heimilt er að tilgreina áherslusvið sem viðkomandi hefur sérhæft sig í innan klínískra sérgreina.

Um frekari skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfis fer skv. 12. gr.

7. gr.

Umsókn og umsagnir.

Umsókn um sérfræðileyfi í sérgreinum sálfræði, ásamt gögnum sem staðfesta faglega menntun, starfsreynslu og hæfni svo og önnur nauðsynleg fylgiskjöl, skal senda til landlæknis.

Áður en sérfræðileyfi er veitt skv. 5. gr. skal landlæknir leita umsagnar sálfræðideildar heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands um hvort umsækjandi uppfylli skilyrði skv. 6. gr.

Landlækni er heimilt að skipa sérstaka mats- og umsagnarnefnd til að meta umsóknir um sérfræðileyfi.

Landlækni er heimilt að leita umsagnar annarra aðila eftir þörfum.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur.

8. gr.

Faglegar kröfur og ábyrgð.

Sálfræðingur skal sýna sjúklingi og öðrum sem hann veitir þjónustu virðingu og sinna störfum sínum af árvæðni og trúmennsku og í samræmi við þær faglegu kröfur sem gerðar eru til stéttarinnar á hverjum tíma.

Sálfræðingi ber að þekkja skyldur sínar og virða siðareglur stéttarinnar, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

Sálfræðingur skal þekkja þau lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma ásamt öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum eftir því sem við á.

Sálfræðingur ber ábyrgð á þeirri ráðgjöf, greiningu, mati og meðferð sem hann veitir.

Sálfræðingur skal virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð eða vísa sjúklingi og öðrum sem hann veitir þjónustu til annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt er, svo sem ef hann telur sig ekki geta

veitt honum viðeigandi þjónustu.

9. gr.

Upplýsingaskylda og skráning.

Um upplýsingaskyldu sálfræðings gagnvart sjúklingi fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Um skyldu sálfræðings til að veita landlækni upplýsingar, meðal annars vegna eftirlits og til gerðar heilbrigðisskýrsla, fer samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu.

Sálfræðingur skal, eftir því sem við á, færa sjúkraskrá samkvæmt ákvæðum laga um sjúkraskrár og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

10. gr.

Aðstoðarmenn og nemar.

Sálfræðingur ber ábyrgð á því að aðstoðarmenn og nemar, sem starfa undir hans stjórn, hafi næga hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar og tilsögn til að inna af hendi störf sem hann felur þeim.

11. gr.

Trúnaður og þagnarskylda.

Sálfræðingur skal gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem hann kemst að í starfi sínu um heilsufar þess sem hann veitir þjónustu, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þetta gildir ekki þjóði lög annað eða rökstudd ástæða er til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings eða forráðamanns, ef við á, leysir sálfræðing undan þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt þessari grein nær ekki til atvika sem sálfræðingur ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Í þeim tilvikum ber sálfræðingur skylda til að koma upplýsingum um atvik á framfæri við þar til bær yfirvöld.

Um trúnaðar- og þagnarskyldu sálfræðings gilda jafnframt ákvæði laga um réttindi sjúklinga, ákvæði laga um sjúkraskrár og önnur lög eftir því sem við á.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Frekari skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis og sérfræðileyfis.

Umsækjandi um starfsleyfi sem sálfræðingur skv. 2. gr. og sérfræðileyfi í sálfræði skv. 5. gr. frá ríki utan EES og Sviss sem Ísland hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi skal meðal annars leggja fram gögn um ríkisfang, innihald náms og námslengd, ásamt prófskírteini, starfsleyfi ef starfsgreinin er löggilt í því landi sem umsækjandi kemur frá, fyrirhuguð störf hér á landi svo og önnur gögn og vottorð sem landlæknir telur nauðsynleg vegna útgáfu starfsleyfis og sérfræðileyfis.

Áður en umsókn um starfsleyfi og sérfræðileyfi er tekin til efnislegrar meðferðar þarf að liggja fyrir eftir atvikum staðfest afrit umsóknar um atvinnu- og dvalarleyfi ásamt undirrituðum ráðningarsamningi.

Heimilt er að gera kröfu um að umsækjandi búi yfir kunnáttu í íslensku og hafi þekkingu á íslenskri heilbrigðislöggjöf svo og öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru nauðsynleg til að geta lagt stund á sálfræðistörf, einkum vegna öryggis og samskipta við sjúkling.

Hafi að mati landlæknis ekki verið sýnt fram á að nám umsækjanda uppfylli kröfur skv. 1. mgr. 3. gr. og 6. gr. reglugerðar þessarar, að teknu tilliti til starfsreynslu, er heimilt að krefjast þess að umsækjandi gangist undir próf sem sýni fram á að hann búi yfir þeirri faglegu þekkingu og hæfni sem krafist er af sálfræðingi og sálfræðingi með sérfræðileyfi. Viðeigandi menntastofnun skal skipuleggja prófið í samráði við landlækni.

Starfsleyfi og sérfræðileyfi eru gefin út við komu umsækjanda til starfa hér á landi.

13. gr.

Gjaldtaka.

Um gjaldtöku vegna útgáfu starfsleyfis og sérfræðileyfis fer skv. 10. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Um gjaldtöku vegna hvers konar umsýslu landlæknis vegna umsókna um starfsleyfi og sérfræðileyfi til viðbótar gjaldi skv. 1. mgr. og vegna prófa í faglegri þekkingu og færni fer samkvæmt reglugerð um gjaldtöku vegna umsókna um starfsleyfi og sérfræðileyfi heilbrigðisstarfsmanna, nr. 951/2012.

14. gr.

Almenn ákvæði.

Ákvæði laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009, laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, svo og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli gilda eftir því sem við á um sálfræðinga.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5., 8., 30. og 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, öðlast gildi 1. janúar 2013. Frá sama tíma fellur brott reglugerð um sérfræðileyfi sálfræðinga, nr. 158/1990, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um þá sem hafa hafið framhaldsnám (cand.psych. nám) fyrir haustið 2013 gildir ekki ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 3. gr.

Sálfræðingi sem við gildistöku reglugerðar þessarar hefur hafið sérnám samkvæmt reglugerð um sérfræðileyfi sálfræðinga, nr. 158/1990, er heimilt að haga námi sínu í samræmi við ákvæði hennar. Þeir sem hefja sérnám eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu haga náminu samkvæmt ákvæðum hennar.

Velferðarráðuneytinu, 11. desember 2012.

Guðbjartur Hannesson.

Vilborg Ingólfssdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.